Grundaskóli
Akranesi

6. október 2026

Til hamingju með daginn – Grundaskóli 45 ára

Í dag fagnar Grundaskóli 45 ára afmæli, en skólinn tók fyrst til starfa þann 6. október 1981. Á þessum 45 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Úr litlum hverfisskóla í nýju byggingarhverfi hefur Grundaskóli vaxið og þróast í að verða einn af fjölmennari grunnskólum landsins með um 700 nemendur.

Strax á fyrstu starfsárum skólans þótti starf hans framsækið og kennsluhættir nýstárlegir jafnvel svo að sumum þótti nóg um! Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á að þróa skólastarfið í takt við þarfir nemenda og samfélagsins. Sá þráður hefur haldist óslitinn og enn í dag leggjum við ríka áherslu á gott samstarf við nemendur og foreldra, traust í samskiptum og virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum leiðum í námi og starfi.

Eitt af því sem hefur einkennt sögu Grundaskóla er öflugt samstarf heimilis og skóla og samheldni skólasamfélagsins. Skólinn hefur alla tíð átt góða bakhjarla sem hafa lagt fjölbreyttum verkefnum lið og tekið virkan þátt í að byggja upp öflugt skólasamfélag.

Í dag er viðtalsdagur í skólanum og í tilefni afmælisins hefur skólinn verið skreyttur og settur í hátíðarbúning. Foreldrum og forráðamönnum er velkomið að líta í kringum sig og að sjálfsögðu verður kaffi og ýmislegt góðgæti í boði fyrir gesti. Nemendur og starfsfólk fagna afmælinu með margvíslegum hætti alla vikuna. Afmælisvikunni lýkur síðan með miklu fjöri í íþróttahúsinu þar sem allur skólinn kemur saman og dansar. Í hádeginu verður öllum nemendum boðið í pizzaveislu.

Grundaskóli tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna 2026

Grundaskóli hefur verið tilnefndur til **Íslensku menntaverðlaunanna 2026** í flokknum *Framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur*. Alls eru þrjár menntastofnanir tilnefndar til verðlaunanna í þessum flokki.

Það er mikill heiður fyrir allt skólasamfélagið að hljóta þessa tilnefningu. Hún er jafnframt mikilvæg viðurkenning á því umfangsmikla þróunar- og umbótastarfi sem unnið hefur verið í Grundaskóla undanfarin ár. Að baki vali tilnefninga stendur fjórtán manna valnefnd sérfræðinga frá þeim fjölmörgu aðilum sem standa að Íslensku menntaverðlaununum. Þar á meðal eru embætti forseta Íslands, ráðuneyti, háskólar, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri lykilaðilar á sviði mennta- og skólamála.

Tilnefningin er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Öflugar menntastofnanir og metnaðarfullt skólastarf eru meðal styrkleika samfélagsins okkar. Slík staða er eftirsóknarverð en alls ekki sjálfgefin. Hún byggist á fólkinu sem myndar skólasamfélagið og sameiginlegum metnaði okkar fyrir námi, vellíðan og framförum barna.

Nánar má lesa um Íslensku menntaverðlaunin, verðlaunaflokkana og tilnefningar ársins 2026 hér:https://skolathroun.is/tilnefningar-til-islensku-menntaverdlaunanna-2026-2/

Söngleikurinn *Frelsi*

Í lok október er fyrirhuguð frumsýning á söngleiknum *Frelsi*. Útskriftarnemar hafa unnið kappsamlega að uppsetningunni með dyggum stuðningi foreldra og annarra velunnara. Hér er á ferðinni metnaðarfullt og skemmtilegt verkefni sem við hlökkum mikið til að sjá verða að veruleika.

Höfundar söngleiksins eru **Flosi Einarsson** og **Gunnar Sturla Hervarsson**, en verkið fjallar meðal annars um unglingamenningu, vináttu og frelsi. Uppsetningin í ár er sérstaklega skemmtileg fyrir þær sakir að dætur höfundanna, **Ylfa Flosadóttir** og **Margrét Saga Gunnarsdóttir**, leikstýra verkinu. Við lofum miklu fjöri þar sem frumkvæði, sköpunarkraftur, lífleiki og hæfileikar unga fólksins okkar fá að njóta sín. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að mæta og sjá sýninguna. Miðasala og sýningardagar verða kynnt nánar á næstu vikum.

Opni skólinn í október

Fjölbreytt og spennandi námskeið eru í boði fyrir nemendur, foreldra og jafnvel alla fjölskylduna í Opna skólanum í október. Þátttakan hefur verið frábær það sem af er og fullt hefur verið á flest námskeið. Fram undan eru sex ný frístundatilboð sem verða kynnt nánar á næstu dögum. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hversu vel skólasamfélagið hefur tekið þessum vettvangi og við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með því sem fram undan er.

Gott að fylgjast með

Grundaskóli leggur áherslu á góða upplýsingamiðlun og að foreldrar og forráðamenn geti auðveldlega fylgst með því sem fram fer í skólanum. Í stórum og öflugum skóla eru fjölmörg verkefni í gangi á hverjum tíma og því mikilvægt að nýta þær upplýsingaleiðir sem í boði eru. Við bendum sérstaklega á heimasíðu skólans, **www.grundaskoli.is**, upplýsingasíður skólans á samfélagsmiðlum, fréttabréf einstakra árganga og regluleg fréttabréf frá skólastjórn.

Ef ykkur vantar upplýsingar eða eitthvað er óljóst hvetjum við ykkur til að hafa samband við umsjónarkennara eða skrifstofu skólans í síma 4331400.

Bestu kveðjur,

Skólastjórn Grundaskóla